

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2014, þriðjudaginn 18. febrúar var haldinn 336. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 12:10.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Gunnar Einarsson, Egill T. Jóhannsson, Hörður Þorsteinsson, Jón Haukur Ingvason og Theódór Kristjánsson.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:


1. Lögð fram rekstrarniðurstaða ársins 2013.
2. Í tilefni af vetrarfríi í grunnskólum þessa dagana verður opnunartími lengdur í Bláfjöllum og opið í Skálafelli á föstudag.
3. Rætt um öryggismál í Bláfjöllum og aðgangshliðamál í Skálafelli.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 17. feb. sl. varðandi stöðuna í fjöllumunum.
4. Rætt um hjólagarð í Skálafelli. Er í skoðun hjá ÍTR með opnun næsta sumar.

Fundi slitið kl. 13:00

Eva Einarsdóttir

Gunnar Einarsson
Theódór Kristjánsson
Hörður Þorsteinsson

Egill T. Jóhannsson
Jón Haukur Ingvason





Til sveitarfélaga með aðild
að stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Reykjavík, 25. febrúar 2014.

Á fundi stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 18. febrúar sl. var lagt fram uppgjör
vegna reksturs og framkvæmda á skíðasvæðunum 2013.

Ársreikningurinn verður kynntur síðar.

Virðingarfyllt,

Ómar Einarsson.

24.02.2014

Rekstraryfirlit Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2013

Samtals		
	Áætlun 2013	Rekstraryfirlit 2013
Miðasala	60.448.955	72.287.785
Mótastyrkur	12.000.000	12.000.000
Skíðakennsla	0	1.322.567
Skíðaleiga	19.460.443	24.085.623
Veitingasala	13.392.197	15.599.001
Aðrar tekjur	2.500.000	2.500.000
Hjólagarður	0	1.348.500
Framlög sveitarfélaganna	139.319.000	139.355.405
Rekstrartekjur	247.120.595	268.498.881
Almennur rekstur	16.670.257	27.186.561
Brekur og svæði	12.088.223	12.971.691
Bílastæði	6.700.000	4.680.634
Fasteignir	15.069.176	14.097.789
Launakostnaður	115.821.000	116.668.477
Lyftur	32.703.437	26.437.597
Markaðsmál	4.500.000	5.258.572
Skíðaleiga	630.000	1.902.927
Tæki	12.232.500	14.323.293
Troðarar	20.163.500	28.887.323
Skíðakennsla	525.000	1.465.931
Veitingasala	5.950.000	9.100.768
Hjólagarður	0	1.157.048
Áhaldakaup og ófyrirséð	4.067.502	4.104.754
Rekstrargjöld	247.120.595	268.243.365
EBITDA		255.516
Fjármagnsilðir		866
Framkvæmdir	25.000.000	24.688.813

Samkvæmt Rekstraryfirliti Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2013 þá er rekstrarafgangur frá rekstri um 256 þkr.

Rekstrartekjur námu 268,5 mkr sem er 21,4 mkr hærra en fjárhagsáætlun eða 20,7%. Framlög sveitarfélaga námu alls 139,4 mkr, sem er framlag samkvæmt þjónustusamningi. Þá var einnig sérstakt framlag frá Reykjavíkurborg upp á 1,3 mkr vegna rekstur hjólagarðs í Skálafelli. Tekjur vegna aðgangseyris og annarra afleiddra þáttu voru 44,2 mkr yfir áætlun sem má rekja til fleiri opnunardaga en áætlað var.

Rekstrargjöld námu 268,2 mkr sem er 21,1 mkr yfir áætlun eða 8,5%. Launakostnaður nam 116,7 mkr og annar rekstrarkostnaður skíðasvæðanna nam 151 mkr. Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði og launakostnaði má meðal annars rekja til þess að fleiri opunnar dagar voru heldur en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjárfestingar fyrir árið 2013 námu 24,7 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 25 mkr.

Helstu fjárfestingar ársins voru innborgun upp á 10 mkr í snjótroðara sem var afhentur og fullgreiddur í janúar 2014, snjóblásari á snjótroðara 4,9 mkr, uppbygging á snjógirðingum 3,6 mkr, búnaður fyrir skíðaleigur 1,8 mkr og landmótun 3,3 mkr

Áætlanir 2013 miðuðu við 60 opnunardaga á vetri. Veturinn 2012-2013 voru opnunardagar 75 ef einungis er talið út apríl.

Ársreikningur skíðasvæðanna mun síðan vera gefin út endurskoðaður í lok maí ef vinna við endurskoðun á skíðasvæðunum hefur ekki en farið af stað. Það mun þá vera í síðasta sinn sem að ársreikningur verður gerður fyrir skíðasvæðin en félagið mun verð lagt niður árið 2014 og flutt yfir í Aðalsjóð Reykjavíkurborgar, samkvæmt samningi um rekstur skíðasvæðanna á milli sveitarfélaga. Farið verður ítarlegra yfir fyrirkomu dagið á þeim breytingum með ársreikningi skíðasvæðanna.